

Umsögn Menningar- og atvinnuþróunarnefndar Hvalfjarðarsveitar um úttekt á rekstri menningarmála hjá Akraneskaupstað.

Yfirstjórn safna.

Nefndin styður hugmynd um að einn yfirmaður verði settur yfir söfn Akraneskaupstaðar, þó með þeim fyrirvara að stjórnunarkostnaður Safnasvæðisins að Görðum aukist ekki frá því sem nú er. Einnig þarf að skoða vel hvernig starfsfólk, þar með talinn yfirmaður, nýtist hverri einingu fyrir sig við útdelingu launakostnaðar. Ef af sameiningu verður er nauðsynlegt að halda skýrt verkbókhald sem sýnir viðfangsefni starfsfólks á hverjum tíma. Þessi gögn þurfa að vera aðgengileg fyrir rekstraraðila.

Samvinna sveitarfélaga um bókasafn.

Hugmynd um þátttöku Hvalfjarðarsveitar í rekstri bókasafnsins á Akranesi þarf að skoða í tengslum við stefnumótun sveitarfélagsins í menningarmálum.

Sameining héraðsskjalasafna.

Nefndin telur að slík mál megi skoða en athuga þarf vel kostnað við mögulegar breytingar og bendir nefndin á að kostnaður við þökkun og flutning skjala getur orðið talsverður.

Veitingasala og safnverslun á byggðasafni.

Nefndin styður hugmyndir skýrsluhöfundar um að bjóða út veitingasölu og safnverslun á byggðasafninu.

Endurnýjun sýninga á byggðasafni.

Nefndin hvetur til þess að huga að reglulegri endurnýjun sýninga á byggðasafninu, nýta tæknina og hlúa að lifandi og áhugaverðu safni. Huga má að nánara samstarfi og ef til vill fjárhagslegum stuðningi frá ÍSÍ varðandi endurnýjun íþróttasýningar.

Opnunartími byggðasafns.

Nefndin styður breyttan opnunartíma byggðasafnsins enda gæti slík breyting nýst starfsfólkinu til ýmissa starfa, svo sem endurbóta á sýningum og húsnæði auk skráningar og forvörslu safngripa.

Aðgangseyrir á byggðasafnið.

Nefndin styður hugmyndir skýrsluhöfundar um breytingar á gjaldskrá byggðasafnsins.

Starfsmannamál safna.

Nefndin veltir því fyrir sér í hverju fjárhagsleg hagræðing felist ef sami fjöldi starfsfólks og nú starfar við byggðasafnið mun starfa þar áfram, einkum í ljósi þess að skýrslan virðist fyrst og fremst fjalla um þá hagræðingu sem fælist m.a. í sameiningu safna á Akranesi. Óskar nefndin eftir greinargóðum svörum við þeirri spurningu. Ennfremur áréttar nefndin ábendingu sína varðandi hlutfall launakostnaðar og fjölda stöðugilda hjá hverri einingu fyrir sig. Ekki síst í ljósi þeirra hugmynda sem skýrsluhöfundur hefur um tilfærslu starfsfólks á milli eininga eftir þörfum starfseminnar á hverjum tíma. Bendir nefndin aftur á nauðsyn góðs verkbókhalds í því samhengi.